

Stjórnarfundur Geitfjárræktarfélag Íslands, 9. apríl 2022- Teams kl 20:00

Mætt: Anna María Flygenring , Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir, Anna María Lind, Brynjar Þór Vigfússon, Helena Hólm og Eydís Rós Eyglóardóttir

- Skipting verka í stjórn
 - Ritari – Eydís Rós Eyglóardóttir
 - Gjaldkeri – Brynjar Þór Vigfússon
 - Formaður – Anna María Flygenring
- Afgerðarsýni – búið að taka sýni úr 145 sýni. Vegna verndandi riðugen. Styrkur frá erfðanefnd landbúnaðarins 900 þúsund. Mögulega inneign fyrir 150 sýnum í viðbót. Það skiptir máli hvert er farið, Birna K. Baldursdóttir var með hugmyndir sem væri gott að fylgja. Jóhanna ætlar að heyra í henni. Þanta þarf sýnatökuglös og tangir í verkefnið. Karolína tilbúin að panta fyrir okkur það sem þarf. Mikilvægt að skoða hvað er búið að prófa, ef búið er að prófa foreldra þarf ekki að prófa afkvæmi, vinna mjög markvisst. Nauðsynlegt er að taka sýni á riðusvæðum.
- Matvælasjóður styrkja mál athuga hvað þarf að vera með umsókn til að gilda lögleg, Eydís ætlar að kynna sér málin um umfang umsóknarferlis. Bjarki Pjetursson (sérfræðingur innan matvælaráðuneytis) getur möguleg aðstoðað, Anna ætlar að hafa samband við hann.
- Kennsla – Áshildur Bragadóttir bíður upp á kennslu í geitfjárrækt, innan endurmenntunar LBHÍ. Síðasta sumar var rafrænt námskeið en líklega í raun að þessu sinni, ódagsett.
- JoAnn Myers frá Maine Bandaríkjum var hér á landi fyrir stuttu. Búin að ná stofni sínum í 87% íslenskar geitur. Fengu sæði 2021, 200 stk. Anna Flygenring, Jóhanna Bergmann og Helena Hólm fór í Uppspuna að skoða geitur, garn og fleira. JoAnn fundaði með þeim í RML ásamt Karvel. Mikilvægt að geta skráð geiturnar stefnt að því að nýta Heiðrúnu, þarf að endurskoða og einfalda til að virki vel. Forritara vantar í verkið. Mikilvægt að halda verkefni á lofti og minna á sig til að fá bætingar í gegn.
- Staðan í Slow food – Íslenskar geitur gjaldgengar, Eirný Sigurðardóttir tekur við að Dominique Pledél með þessi mál innan Slow food, allt að komast að lokamarki, þá má nýta merki slow food. Samtökin einbeita sér að því að vinna gegn skyndibita og stuðla að

því að nýta afurðir af dýrum í útrýmingarhættu. Erfðabreytingar ekki leyfðar innan rammans, í ljósi þess ef skortur verður á hráefni til fódurframleiðslu þá þarf að leita til Bandaríkja og Kanada þar fæst ekkert óerfðabreytt. Vonandi kemur ekki til þess

- Áburðarverð – einhverjir sem að huga að því að hætta vegna þess eða sjá fram á það sökum fjárskorts. Alvarlegt mál en auðvitað lítið sem að félagið getur í raun gert til að sporna við.
- Sæðingastöðin, mikilvægt að koma þessum málum á hreint og mögulega þarf að hafa starfsmann í kringum álagstíma þegar sæðisstaka fer fram. Ræða við Guðna um þessi mál og fá hann til að halda utan um. Anna Flyering ræðir við hann.
- Ritari sér um samfélagsmiðla félagsins, heimasíðu, Facebook síða hópur og lokuð félagasíða. Anna María Lind og Eydís ræða saman og yfirfara þau mál.
- Koma þarf á sambandi á milli Guðna og Brynjars vegna gjaldkeramála, prókúru mál og fleira því tengt.

Ekki fleira rætt, fundi slitið 21:15

Fundarritari Eydís Rós